



Jafnréttisáætlun Flóaskólaskóla

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150 frá 2020 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlun á við um nemendur, forráðamenn og starfsfólk skólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í skólasamfélaginu. Samkvæmt 5. gr. laganna þarf skóli sem vinnustaður með 25 starfsmenn eða fleiri, að gera áætlun um hvernig starfsfólki eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um. Sem menntastofnun þarf skólinn, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla þær greinar laganna sem snúa að nemendum.

Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar skóla er að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum og í skólanum sem menntastofnun nemenda. Til að framkvæma jafnréttisstefnu skólans er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun með markmiðum, aðgerðum, ábyrgð og tímaramma.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé gerð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að hún sé uppfærð samkvæmt lögum á þriggja ára fresti. Jafnréttisfulltrúi og forvarnarteymi skólans vinna með skólastjórnendum að útfærslu á framkvæmd og aðgerðum tengt jafnréttisáætlun.

Jafnréttisfulltrúi og forvarnarteymi

Einn jafnréttisfulltrúi er við skólann og situr hann jafnframt í forvarnarteymi skólans. Hlutverk hans er að gæta þess í samráði við skólastjórnendur að jafnréttislögum sé fylgt og að vinna að útfærslu hugmynda um vinnu með jafnréttishugtakið í skólastarfinu. Forvarnarteymið starfar samkvæmt þingsályktunar nr. 37/150.

Starfsfólk

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki í launum eða öðrum kjörum á grundvelli kyns (18.gr. laga nr. 150/2020).

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Allir fá sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf	Með reglulegu millibili verður farið yfir hvernig grunnlaun, yfirvinnugreiðslur og/eða aðrar greiðslur skiptast milli starfsfólks og starfsheita	Skólastjóri og launafulltrúi	Samkvæmt jafnlaunastaðli Jafnlaunavottunar
Uppfylla ákvæði jafnlaunastaðals og viðhalda jafnlaunavottun Flóahrepps	Greina laun og fríðindi starfsfólks og kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða.	Skólastjóri og launafulltrúi	Samkvæmt jafnlaunastaðli Jafnlaunavottunar

Óheimilt er að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Einnig er óheimilt að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir. Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu þar sem óskað er eftir starfskrafti af einu kyni umfram annað (19.gr. laga nr. 150/2020)

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að tryggja að laus störf standi öllum opin til umsóknar óháð kyni eða öðrum þáttum	Auglýsingar um störf höfði til einstaklinga óháð kyni. Velja skal þann umsækjanda sem hæfastur er til starfsins á grundvelli menntunar og reynslu.	Skólastjórnendur	Alltaf þegar starf er auglýst- viðvarandi verkefni
Að allt starfsfólk skólans njóti sömu möguleika til starfsþróunar	Gerð er símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk	Skólastjórnendur	Árlegt verkefni sem birt er í starfsáætlun skólans

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Atvinnurekendur er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu ásamt því að auðvelda því að koma aftur til starfa eftir hvers kyns leyfi úr vinnu (13.gr. laga nr. 150/2020).

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Gera skal starfsfólki kleift að samræma fjölskyldu-/einkalíf sitt og störf innan skólans eftir því sem hægt er	Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum og/eða annarri hagræðingu á vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa t.d. með breyttum vinnuramma sem unninn er í samráði við það sjálft	Skólastjórnendur	Vinnuramma er endurskoðaður í upphafi hvers skólaárs í tengslum við vinnuskýrslu
Starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa að leyfi loknu	Starfsfólk skal ganga að störfum sínum að afloknum veikinda- eða foreldraleyfum eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Starfsfólki í leyfi stendur til boða að taka þátt í símenntun sem og öðrum viðburðum á vegum skólans eins og kostur er	Skólastjórnendur	Upplýsingum komið til starfsfólks áður en leyfi hefst ef kostur er. Annars við fyrsta tækifæri

Starfsfólk og nemendur

Kynbundið ofbeldi, kynbundin- og kynferðisleg áreitni

Gera skal sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna- eða kynferðilega áreitni. Þetta á við um allt starfsfólk, nemendur eða aðra notendur þjónustu (14.gr. laga nr. 150/2020).

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi eða áreitni er ekki liðið innan Flóaskóla	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og annað ofbeldi tengd lífsleiknikennslu í öllum árgöngum. Skýrir verkferlar er varða mál sem upp koma bæði er varðar nemendur og starfsfólk	Skólastjórnendur	Viðvarandi verkefni

Nemendur

Menntun og skólastarf

Ávallt skal gæta að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og áætlanagerði í skólastarfi. Kennslu- og námsgögn skulu vera þannig gerð að kynjum sé ekki mismunað. Einnig eiga nemendur að hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi (15.gr. laga nr. 150/2020).

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að starfshættir skólans mótist af umburðarlyndi, jafnrétti og jákvæðum samskiptum við nemendur og forráðamenn þeirra og aðra sem að honum koma	Unnið samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár þar sem jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar. Allir sem koma að skólanum taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi og aðrir starfsmenn	Tengt við sjálfsmat skólans
Að gæta að kynjasamþættingu við stefnumótun og áætlanagerð	Setja upp kynjagleraugu við skipulag skólastarfs	Skólastjórnendur, náms- og starfsráðgjafi og kennarar	Tengt við sjálfsmat skólans
Að búa alla nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu og að þau hafi sömu tækifæri til náms- og starfsfræðslu.	Við val á viðfangsefnum innan skólans skal ríkja jafnræði og jafnrétti til öflunar þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt. Jafnrétti sé haft að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að brjóta niður staðalímyndir af „hefðbundnum“ karla- og kvennastörfum	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi og aðrir starfsmenn	Tengt við sjálfsmat skólans

Heimili og skóli

Skólinn leggur sig fram um að eiga gott samstarf við forráðamenn enda er samstarf allra sem að börnum koma lykilþáttur í þroska þeirra og námi. Forráðamenn eru alltaf velkomnir í skólann til samstarfs og þátttöku í skólastarfinu enda bera forráðamenn ábyrgð á námi barna sinna í samvinnu við skólann. Skólinn hvetur forráðamenn óháð kyni til að sækja foreldraviðtöl og taka þátt í leik og námi barna sinna og öllum er boðið á viðburði á vegum skólans. Þess er ávallt gætt að allir forráðamenn séu boðuð í viðtöl í skólanum og hvött til að mæta. Forráðamönnum sem þess þurfa býðst tulkapjónusta í viðtölum.

Gildistími: Jafnréttisáætlunin tekur gildi í júní 2022

Endurskoðun: Samkvæmt 5. gr. laga um jafna stöðu og rétt kynjanna (nr. 150/2020) skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun er því í júní 2025.